

Í auga stormsins

Eftir Gunnar Kristín Þórðarson

Fullkominn efnahagslegur stormur er í aðsigi og við stöndum mitt í auganu. Í auga stormsins er logn og stilla, þar til raunveruleikinn knýr dyra. Þrátt fyrir bestu viðleitni heimsins færustu manna mun maðurinn ekki ná að hugsa sig út úr yfirstandandi skuldakreppu, með jákvæðni eða skapandi hugsun. Þegar maður hefur drukkið yfir sig af ólyfjan kemur að skuldadögum sama hversu hugarfarið og ásetningurinn er göfugur eða uppbyggjandi. Hugarfarið skiptir máli, en það breytir ekki hvernig raunveruleikinn er.

Talið er að heildarskuldbindingar bandaríska ríkisins séu um 56 billjónir dala næstu fjögur árin, sem er um fjórföld landsframleiðsla. Í því eru ófjármagnaðar almannatryggingar, skuldir og aðrar skuldbindingar ríkissjóðs. Svo er því einnig farið í helstu og



Gunnar Kristinn Þórðarson

þróðustu hagkerfum heimsins. Japanska hagkerfið er næststærsta í heimi og nema ríkisskuldarnar meira en 200% af þjóðarframleiðslu. Ekkert nema óðaverðbólga getur unnið á slíkum skuldum. Þrátt fyrir fordæmalausar efnahagsaðgerðir helstu hagkerfa heimsins er svo búíð að niðurþrýstingur á verðbólgu er

enn gríðarlegur í Bandaríkjunum og fer verðbólga óðum vaxandi í Evrópu og Kína. Verðbólga fer lækandi í Bandaríkjunum þrátt fyrir 0% stýrivexti og dæmalaus peningaprentun um nokkur misseri, sem er merki um alvarleg verðhjöðnunaráhrif. Á meðan ætla Evrópuþjóðir að reyna að koma í veg fyrir óðaverðbólgu með fordæmalausum niðurskurði í ríkisútgjöldum. Fjármálaráðherra Bandaríkjanna gerir sér grein fyrir skuldavanda Bandaríkjamanna og hefur varað Evópúbúa við því að bandarískur almenningur muni

» Bjartsýni mun ekki koma í veg fyrir þá skuldakreppu sem er í aðsigi. Svikalogn má ekki koma í veg fyrir undirbúning fyrir erfiða tíma.

ekki draga vagninn í eftirspurn alþjóðaviðskipta eins og hann hefur gert til þessa, heldur þurfi neysla að aukast í Evrópu og einkum í Kína til að koma í veg fyrir alvarlega heimskreppu. Vandinn er sá að eignabólan í Kína er í þann veginn að springa og verðbólgan er að ná skriði með miklum látum. Parland yfirvöld, sem og í Evrópu, munu á næstu misserum draga úr lánveitingum, setja hærra verð á peninga og ganga í gríðarlegan sparnað. Það sem gerist þegar yfirvöld skera niður í ríkisrekstri er að almenningur fer einnig að spara, borga niður skuldir, og safna í vara- og neyðarsjóði til að mæta áföllum þar sem ríkið er

hætt að hlaupa undir bagga með þeim sem þurfa á hjálp að halda. Þetta skrúfar fyrir almenna neyslu, en almenn neysla er æðsti dómari alls hagvaxtar í heiminum.

Skiptast málsmetandi hagfræðingar einkum í tvær andstæðar fylkingar, og spáir önnur þeirra óðaverðbólgu á meðan hin spáir óðaverðhjöðnun. Svo eru það aðrir, sem trúverðugastir eru, sem spá bæði óðaverðhjöðnun og óðaverðbólgu. Þá lækka allar eignir í verði, en allar neysluvörur hækka í verði. Þetta er versta tegund af óðaverðbólgu sem hugsast getur.

Hvað viðkemur Íslandi mun nýtt efnahagsshrun hafa gríðarleg áhrif á þjóðartekjur, lánstraust þjóðarinnar og stöðu á alþjóðavetvangi. Heimsverðbólgan mun áreiðanlega smitast til Íslands og keyra um koll fasteignamarkaði, og skapa sögulega stéttaskiptingu þeirra sem annars vegar skulda ekki í fasteignum sínum, og hinna sem skulda verðtryggð lán. Kaldhæðnin mun verða sú, að það mun gerast á vakt félagshyggjustjórnarinnar.

Það er kominn tími á að almenningur og yfirvöld fari að búa

sig undir erfiða tíma. Öll hagsmunasamtök ættu að gerast málsvavar þeirra sem eiga ekki fyrir fæði, húsnæði og heilbrigðisþjónustu á sama tíma. Bókstaflegt svelt gæti orðið staðreynd í óhugnanlega náinni framtíð á Íslandi. Hagsmunasamtök ættu ekki að einskorða baráttu sína við höfundstól lána eða eignir, því sá sem hungur kys brauðið en ekki gullíð, ef hann þarf að velja annað hvort. Staðreyndin er sú, að drjúgur hluti þjóðarinnar er orðinn eignalaus, og þeir sem eru orðnir atvinnulausir kvíða því mest að eiga ekki fyrir mat og heilbrigðisþjónustu fyrir sig og sína. Þeir sem eru í þeirri stöðu skulu sameinast í kröfu sinni um að mennska þeirra sé virt af stjórnvöldum, og þeir sem eru af-lögufærir ættu að ganga fyrir hópnum í samstöðu með allri þjóðinni.

Hugarfarið skiptir máli, hvernig við tökum á móti storminum. Við getum flúið hann eða afneitað honum, eða við getum tekið storminn í fangið fyrir alla þjóðina.

Höfundur er gudfræðimenntaður.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. júlí 2010, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. júlí 2010 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. júlí 2010, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjald, launaskatti, bifreiðagjald, úrvinnslugjald, olíugjald, kílómetragjald, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjald vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjald, vörugjald af innlendri framleiðslu, vörugjald af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjald á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjald, skipagjöldum, fisksjúkdómagjald, jarðarafgjald, sektum skatttrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjármáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjármám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjármámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjármám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, af-dreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuáskorunir þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. júlí 2010.

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Færum góða miðborg til enn betri vegar

Eftir Jakob Frímánn Magnússon



Jakob Frímánn Magnússon

Miðborg Reykjavíkur er fögur og fjölbreytileg en líður á sumum stöðum fyrir þá biðstöðu sem er á ýmsum framkvæmdum og verkefnum, bæði einka- og opinbera. Vel eru á veg komnar ýmsar framkvæmdir sem auka munu á glæsileika miðborgarinnar og ber þar helst að nefna tónlistarhúsið Hörpu, nýbyggingu í gömlum stíl á horni Lækjargötu og Austurstrætis og endurbyggingu húsanna við Laugaveg 4 og 6.

Þá stendur yfir samstarf sjálfboðaliða og nokkurra fyrirtækja sem útvega efni til málunar, hellulagna o.fl. á svæðum sem þurfa nauðsynlega á andlitslyftingu að halda eða eru lengur í biðstöðu af völdum hrunsins.

Verkefnið er viðvarandi en óformlegt og gengur undir nafninu *Til betri vegar*. Undirritaður tekur við ábendingum um aðkallandi verkefni á : jfm@midborgin.is

Til að auka líf og yndi í miðborginni er jafnan sérstök áhersla lögð á tónlistar- og skemmtiatriði á fyrsta laugardegi hvers mánaðar.

Þar sem mikið verður um að vera á fyrsta laugardegi ágústmánaðar þegar skrudgangi Hýrark (Gay Pride) fer fram, verður sérstök áhersla lögð á annan laugardag ágústmánaðar, hinn 15. ágúst, sem markar upphaf Skóladaða sem standa í heila viku á meðan skólafólk viðar að sér

námsgögnum, skóla-fatnaði o.fl. í miðborginni. Þá verður langur laugardagur með viðeigandi uppákomum víðs vegar um miðborgina auk þess sem útimarkaður verður á Hljómalindarreit.

Reyndar verða útimarkaðir þar alla laugardaga í sumar, þar sem borð eru útveguð fólk á kostnaðarlausu. Nú um

» Opið verður fyrir götu- og torgsölu á Hljómalindarreit alla daga vikunnar með sérstakri áherslu á laugardaga.

helgina verður fjölbreytilegur varningur þar í boði auk lifandi tónlistar. Rétt er að benda á að öll götu- og torgsala í Reykjavík er bönnuð nema á þessum stað, en auk hefðbundins útimarkaðar hefur matsöluvögnum og öðrum verið vísað á umræddan stað. Opið verður fyrir götu- og torgsölu á Hljómalindarreit alla daga vikunnar með sérstakri áherslu á laugardaga sem fyrr segir.

Þakka ber skemmtilegt framlag skapandi hópa á vegum Hins hússins sem lítað hafa mannlífið að undanförmu. Lifandi tónlist verður áfram áberandi í sumar, m.a. í tengslum við Íslenskt tónlistarsumar og með góðum stuðningi Reykjavíkurborgar verður t.a.m. efnt til útitónleika í Hljóm-skálagarðinum í kvöld með reggí-sveitinni Hjálmu, Herði Torfarsyni o.fl. Þeir tónleikar eru öllum opnir og án aðgangseyris. Rétt er og að benda á að hinn glæsti og nýppgerði Hljómskáli er opin þáð sem eftir lifir sumars og þar er boðið upp á góðar veitingar.

Það er gott að njóta sumarsins í Reykjavík.

Höfundur er framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar.

